

Mál nr. 260/2006
M
og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á hringtorgi á Reykjavegi/Sigtúni/Engjavegi í Reykjavík þ. 15.11.2006

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.5.12.2006, ásamt vettvangsuppdrætti og útskýringum.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 942/2006
3. Lögregluskýrsla dags. 15.11.2006.
4. Bréf V dags. 29.11. og 15.12.2006

Málsatvik.

Árekstur varð með A sem ekið var um ytri hring hringtorgsins á Reykjavegi/Sigtúni/Engjavegi og B sem ekið var í innri hring torgsins. Ökumaður A segist hafa ekið um ytri hring með fyrirhugaða akstursstefnu norður Reykjaveg og hafi ekki vitað fyrir en árekstur varð og telur að B hafi ekið á A. Ökumaður B ók í innri hring líka með fyrirhugað akstursleið norður Reykjaveg og segir hann að A hafi ekið inn í innri hring og þvingað sig alveg að kantsteini við innri hring og hafi hann gefið hljóðmerki og nær stöðvað en það ekki dugað til að koma í veg fyrir árekstur.

Álit.

Ökumenn greinir á um aðdraganda árekstursins og staðsetningu bifreiðanna. Ekki eru upplýsingar fyrirbyggjandi í gögnum málsins sem réttlætir að sök verði lögð á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík.9.1.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.